

122

2. des.

*Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norður- og Austuramtinu um sveitfesti þurfalings* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 14. sept. síðastl., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Norðfjarðarhreppi, þar sem hún áfrýjar úrskurði yðar, dags. 25. okt. f. á., er ákveður, að Eiríkur Filippusson í Sandvík skuli álitast sveitlægur í Norðfjarðarhreppi, og skal yður því til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar tjáð það, er nú skal greina.

Samkvæmt skýrslum þeim, sem fyrir liggja í máli þessu, er Eiríkur Filippusson fæddur í Geithellnahreppi árið 1856, en á árinu 1873 fluttist hann, þá 17 ára gamall, í Norðfjarðarhrepp og hefur haft þar fasta dvöl síðan. Á árinu 1882 undir sumarmál, þegar Eiríkur hafði dvalið 9 ár í Norðfjarðarhreppi, var honum veitt af fátækrafje nefnds hrepps 50 króna lán, sem hann síðan endurborgaði, og á fardagaárinu 1885—1886 þáði hann að nýju styrk af Norðfjarðarhreppi, að upphæð 41 kr. 50 aura. Norðfjarðarhreppur hefur nú heimtað, að fá fje þetta endurgoldið af Geithellnahreppi sem fæðingarhreppi Eiríks, en Geithellnahreppur hefur neitað því, að Eiríkur eigi þar framfærslusveit, með því að hann með óslitinni 12--13 ára dvöl sinni hafi áunnið sjer framfærslurjett í Norðfjarðarhreppi, þar sem lán það, er honum var veitt 1882, hafi eigi verið löglega veittur sveitarstyrkur, og geti því eigi orðið til að rjúfa sveitfestisdvöl hans þar í hreppi.

Nefndri styrkveiting er þannig varið, að um páskaleitið 1882 beiddist Eiríkur Filippusson, sem átti konu og 5 ung börn fyrir að sjá, eptir áeggjan hreppstjórans í Norðfjarðarhreppi, láns af hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps, og sendi um leið skýrslu um kringumstæður sínar, samda af honum sjálfum, en eptir þeirri skýrslu átti hann þá í búi sínu 1 kvígu, 8 ær, 1 kapal og 200 pd. af rúgi, en í skýrslunni er ekki tekið fram, að hann hafi ekki átt aðrar vistir eða föng, enda hefur hann síðan fyrir rjetti borið, að hann, auk hins ofanefnda, hafi, þegar hann bað um lánið og fjekk það, átt kringum vætt af harðfiski og fisk í salti, 200 króna virði, og utan rjettar hefur hann skriflega vottað, að hann ennfremur hafi átt 10 ær, 14 lömb, sem hann þó missti 10 af um veturinn, 10 kindur geldar og bát með veiðarfærum.

Hreppsnefnd Norðfjarðarhrepps hefur viðurkennt, að hún hafi ekkert gjört til að rannsaka hag eða heimilisástand Eiríks Filippussonar, en veitt honum hið umgetna 50 króna lán að eins eptir hinni fyrstnefndu skýrslu hans, en á hinn bóginn viljað neita því, að þráttnefndur Eiríkur hafi átt eins mikið og hann segir, sjerstaklega af saltfiski, þegar styrkuriinn var veittur. En þar sem það samkvæmt fyrirmælum 9. greinar fátækkrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 var skýlaus skylda hreppsnefndarinnar að rannsaka kringumstæður Eiríks, áður hún veitti honum styrk af fátækrafje, og styrkveitingin þegar af þeirri ástæðu að það var vanrækt, verður að álitast ólögleg, er eigi þörf á að rannsaka nákvæmar ofanefnt ágreiningsatriði, enda er það ljóst af hinu framkomna, að Eiríkur hefur í öllu falli átt svo mikið fyrir sig að leggja, að hann gat ekki talizt þurfamaður þegar styrkurinn var veittur. Þessi styrkveiting gat því ekki varnað því, að þráttnefndur Eiríkur ynni sjer framfærslusveit í Norðfjarðarhreppi, og skal því úrskurður yðar í máli þessu, dags. 25. okt. f. á., standa óraskaður.